

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 100/2013

2024/EES/11/58

frá 15. janúar 2013

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1406/2002 um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAVA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins (1),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð (2),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1406/2002 (3), sem var samþykkt sem viðbrögð við atvikinu þar sem olíuflutningaskipið Erika átti í hlut, var kveðið á um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu („Siglingaöryggisstofnun“) í þeim tilgangi að tryggja siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum, á háu stigi, með samræmdum og skilvirkum hætti.
- 2) Eftir atvikið árið 2002 þar sem olíuflutningaskipið Prestige átti í hlut, var reglugerð (EB) nr. 1406/2002 breytt til að fela Siglingaöryggisstofnuninni fleiri verkefni í tengslum við viðbrögð við mengun.
- 3) Nauðsynlegt er að skýra hvaða tegundir sjávarmengunar skuli falla undir markmið reglugerðar (EB) nr. 1406/2002. Því skal litið svo á að sjávarmengun vegna olíu- og gaslagna sé mengun af völdum olíu eða annarra efna en olíu sem eru líkleg til að stofna heilbrigði manna í hættu, skaða lifandi auðlindir og sjávarlíf, rýra eftirsóknarverða þætti í umhverfinu eða hindra önnur réttmæt not af hafinu ef þau eru losuð í umhverfi sjávar, samkvæmt bókun um viðbúnað og viðbrögð gegn mengunaratvikum af völdum hættulegra og skaðvænlegra efna og samstarf þar um frá 2000.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 39, 9.2.2013, bls. 30. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 327/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB C 107, 6.4.2011, bls. 68.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 15. desember 2011 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum*) og afstaða ráðsins eftir fyrstu umræðu frá 4. október 2012 (Stjtið. ESB C 352 E, 16.11.2012, bls. 1). Afstaða Evrópuþingsins frá 13. desember 2012.

(3) Stjtið. EB L 208, 5.8.2002, bls. 1.

4) Í samræmi við 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1406/2002 lét stjórn Siglingaöryggisstofnunarinnar („stjórnin“) árið 2007 fara fram óháð mat utanaðkomandi aðila á framkvæmd þeirrar reglugerðar. Á grundvelli þessa mats gaf hún í júní 2008 út tilmæli varðandi breytingar á starfsemi Siglingaöryggisstofnunarinnar, á valdsviði hennar og vinnuáðferðum.

5) Á grundvelli niðurstaðna mats utanaðkomandi aðila og á grundvelli tilmæla og áætlunar til margra ára, sem stjórnin samþykkti í mars 2010, skal skýra og uppfæra nokkur ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1406/2002. Á sama tíma og Siglingaöryggisstofnunin einbeitt sér að forgangsverkefnum sínum á sviði siglingaöryggis, skal hún fá nokkur ný kjarna- og hliðarverkefni sem endurspeglar þróun stefnumótunar á sviði siglingaöryggis á vettvangi Sambandsins og á alþjóðlegum vettvangi. Í ljósi þeirra fjárhagslegu takmarkana sem Sambandinu eru settar er þörf á aðgerðum til skimunar og endurúthlutunar til að tryggja kostnaðar- og fjárhagshagkvæmni og til að forðast skörun. Starfsmannaþörf fyrir nýju kjarna- og hliðarverkefni skal, að meginreglu til, falla undir innri endurúthlutun Siglingaöryggisstofnunar. Á sama tíma skal Siglingaöryggisstofnunin fá, eftir því sem við á, fjármagn frá öðrum hlutum fjárlaga Sambandsins, einkum fyrir tilstilli gerningsins um evrópsku nágranna-stefnuna. Öll framkvæmd hinna nýju kjarna- og hliðarverkefna Siglingaöryggisstofnunar skal fara fram innan marka núverandi fjárhagsáætlunar og fjárlaga Siglingaöryggisstofnunar, sbr. þó samningaviðræður og ákvarðanir um framtíðarfjárhagsramma til margra ára. Þar sem þessi reglugerð er ekki fjármögnunarákvörðun, skal fjárveitingavaldið ákveða fjármagn fyrir Siglingaöryggisstofnun innan ramma árlegrar fjárlagagerðar.

6) Verkefnum Siglingaöryggisstofnunar skal lýst með skýrum og nákvæmum hætti og koma skal í veg fyrir hvers konar tvíverknað.

7) Siglingaöryggisstofnun hefur sýnt að tiltekin verkefni er hægt að framkvæma með skilvirkari hætti á evrópskum vettvangi, sem gæti, í tilteknum tilvikum, leitt til sparnaðar fyrir aðildarríkin í fjárlögum þeirra og, þar sem sýnt er fram á það, skapað raunverulegan evrópskan virðisauka.

8) Skýra þarf nokkur ákvæði varðandi tiltekna stjórnunarhætti Siglingaöryggisstofnunar. Með tilliti til sérstakrar ábyrgðar framkvæmdastjórnarinnar við framkvæmd stefnu Sambandsins, sem kemur fram í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, skal framkvæmdastjórnin leiðbeina Siglingaöryggisstofnun í tengslum við hvaða stefnu eigi að taka við framkvæmd verkefna hennar, á sama tíma og réttarstaða

stofnunarinnar er virt og sjálfstæði framkvæmdastjóra hennar, eins og kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1406/2002.

- 9) Þegar stjórnarmenn eru skipaðir, formaður stjórnar og varaformaður hennar kosnir og skipaðir eru yfirmenn deilda, er mikilvægt að tryggja að fullt tillit sé tekið til jafnvægis í hlutfalli kynjanna.
- 10) Ríkja skal skilningur um það að allar tilvísanir í viðeigandi lagagerninga Sambandsins vísi til gerða á sviði siglingaöryggis, siglingaverndar, forvarna gegn og viðbragða við mengun frá skipum ásamt viðbrögðum við sjávarmengun af völdum olíu- og gaslagna.
- 11) Í þessari reglugerð skal „siglingavernd“ skilin — í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 725/2004 frá 31. mars 2004 um að efla vernd skipa og hafnaraðstöðu⁽¹⁾ — sem samþættar forvarnar-ráðstafanir til að vernda sjóflutninga og hafnaraðstöðu gegn ógnum af völdum vísvitandi, ólögmætra aðgerða. Verndarmarkmiðum skal náð með því að samþykkja viðeigandi ráðstafanir á sviði stefnumótunar fyrir flutninga á sjó, með fyrirvara um reglur aðildarríkjanna á sviði þjóðaröryggis, varnarmála og almannaoöryggis ásamt því að berjast gegn fjármálaglæpum gegn ríkinu.
- 12) Siglingaöryggisstofnunin skal starfa í þágu Sambandsins. Þetta skal einnig fela í sér að Siglingaöryggisstofnunin getur, innan valdsviðs síns, fengið úthlutað verkefnum, sem eru utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna, í því skyni að styðja við stefnu Sambandsins um siglingaöryggi með því að veita viðeigandi þriðju löndum tækniástoð.
- 13) Siglingaöryggisstofnunin skal veita aðildarríkjunum tækniástoð, sem á að greiða fyrir því að komið sé á nauðsynlegri landsbundinni getu til að framkvæma réttarreglur Sambandsins.
- 14) Siglingaöryggisstofnunin skal veita aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni rekstrarlega ástoð. Það skal fela í sér þjónustu eins og rafræna tilkynningakerfið í Sambandinu um skipakomur (SafeSeaNet-kerfið), evrópska fjarvöktunarþjónustu á sviði sjávarmengunar (CleanSeaNet-kerfið), gagnamiðstöð Evrópusambandsins um auðkennis- og fjarvöktun skipa (EU LRIT Data Centre) og gagnagrunn Evrópusambandsins yfir hafnarríkiseftirlitsskoðun (Thetis).
- 15) Nota skal sérþekkingu Siglingaöryggisstofnunarinnar á rafrænum gagnasendingum og á rafrænu tilkynningakerfi um skipakomur til að einfalda formsatriði við skýrslugjöf fyrir skip, með það í huga að afnema hindranir í flutningum á sjó og að koma á evrópsku sjóflutningasvæði án hindrana. Einkum skal Siglingaöryggisstofnunin styðja aðildarríkin við framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/65/EB frá
20. október 2010 um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í aðildarríkjum⁽²⁾.
- 16) Siglingaöryggisstofnunin skal auka aðstoð sína við framkvæmdastjórnina að því er varðar rannsóknastarfsemi í tengslum við valdsvið sitt. Þó skal forðast tvíverknað að því er varðar núverandi ramma í Sambandinu fyrir rannsóknir. Siglingaöryggisstofnunin skal m.a. ekki bera ábyrgð á stjórnun rannsóknarverkefna.
- 17) Í ljósi þróunar nýs hugbúnaðar og þjónustu og úrbóta á þeim hugbúnaði og þjónustu sem fyrir eru, og með það fyrir augum að koma á evrópsku sjóflutningasvæði án hindrana, skal Siglingaöryggisstofnunin nýta til fulls möguleikana sem felast í evrópsku áætlunum um leiðsögu um gervihnött (EGNOS og Galileo) og hnatt-rænu eftirliti vegna umhverfis- og öryggismála (GMES).
- 18) Eftir að rammaákvæði Sambandsins um samvinnu á sviði óviljandi eða viljandi mengunar sjávar, sem voru sett með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2850/2000/EB⁽³⁾, falla úr gildi skal Siglingaöryggisstofnunin halda áfram að sinna ýmsum þeim verkefnum sem voru áður framkvæmd samkvæmt þessum rammaákvæðum og byggja einkum á sérþekkingu innan tæknilegs samráðshóps á sviði viðbúnaðar og viðbragða við sjávarmengun. Starfsemi Siglingaöryggisstofnunar á þessu sviði skal ekki leysa strandríki undan þeirri ábyrgð að hafa viðeigandi fyrirkomulag til að bregðast við mengun og skal virða gildandi samstarfsfyrirkomulag aðildarríkjanna eða hópa aðildarríkjanna á þessu sviði.
- 19) Að fenginn beiðni skal Siglingaöryggisstofnunin veita aðildarríkjunum ítarlegar upplýsingar um möguleg tilvik mengunar frá skipum fyrir tilstuðlan CleanSeaNetkerfisins til að gera þeim kleift að uppfylla skyldur sínar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/35/EB frá 7. september 2005 um mengun sem á upptök sín um borð í skipum og innleiðingu viðurlaga við brotum⁽⁴⁾. Þó er skilvirkni framfylgdar mjög mismunandi þrátt fyrir að slík mengun geti hugsanlega breiðst út til annarrar landhelgi. Framkvæmdastjórnin skal því í næstu skýrslu sinni, skv. 12. gr. þeirrar tilskipunar, veita Evrópuþinginu og ráðinu upplýsingar um skilvirkni og samræmi í framfylgd að því er varðar þá tilskipun og aðrar viðeigandi upplýsingar um beitingu hennar.
- 20) Beiðnir frá þeim ríkjum sem málið varðar, um að Siglingaöryggisstofnunin virki aðgerðir gegn mengun, skulu fara í gegnum almannavarnakerfi ESB, sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 2007/779/EB, KBE⁽⁵⁾. Framkvæmdastjórninni er þó heimilt að taka til

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 129, 29.4.2004, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 283, 29.10.2010, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 332, 28.12.2000, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 11.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 314, 1.12.2007, bls. 9.

- athugunar að þegar ekki er óskað eftir því að mengunarvarnarskip og -búnaður í viðbragðsstöðu séu virkjuð, sé meira viðeigandi að nota aðra samskiptamiðla á sviði þróaðrar upplýsingatækni, og veita aðildarríkinu sem leggur fram beiðnina upplýsingar með þeim hætti.
- 21) Í ljósi nýlegra atburða hefur athyglin beinst að áhættu í tengslum við leit og vinnslu olíu og gass á hafi úti fyrir flutninga á sjó og sjávarumhverfi. Nota skal viðbragðsgetu Siglingaöryggisstofnunarinnar í tengslum við olíumengun og sérþekkingu hennar á sviði mengunar af völdum hættulegra og skaðlegra efna til að bregðast við mengun sem á rætur sínar að rekja til slíkrar starfsemi, að beiðni þess ríkis sem verður fyrir áhrifunum.
- 22) Siglingaöryggisstofnunin skal einnig nota CleanSeaNetkerfið, sem nú er notað til að færa sönnur á olíuleka frá skipum, til að greina og tilkynna um olíuleka við olíu- og gasleit og vinnslu á olíu og gasi á hafi úti, án þess að það valdi skaðlegum áhrifum á þjónustu sem veitt er við flutninga á sjó.
- 23) Siglingaöryggisstofnunin hefur nýtt sér og viðurkennt verðmæta sérþekkingu og tæki á sviði siglingaöryggis, siglingaverndar, forvarna og viðbragða við mengun af völdum skipa. Þessi sérþekking og tæki geta varðar aðra starfsemi Sambandsins sem tengist stefnu Sambandsins á sviði sjóflutninga. Siglingaöryggisstofnunin skal því aðstoða framkvæmdastjórnina og aðildarríkin, að fenginni beiðni, við þróun og framkvæmd slíkrar starfsemi í Sambandinu, að því tilskildu að stjórnin hafi samþykkt slíkt í tengslum við árlega starfsáætlun Siglingaöryggisstofnunarinnar. Slík aðstoð skal vera háð ítarlegri kostnaðar- og ábatagreiningu og skal ekki hafa skaðleg áhrif á kjarnaverkefni Siglingaöryggisstofnunarinnar.
- 24) Með þeirri tækniástoð sem Siglingaöryggisstofnunin veitir stuðlar hún einnig að þróun á umhverfisvænni flutningum á sjó.
- 25) Flest flokkunarfélög þurfa að hafa samstarf bæði við hafskip og skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum. Á grundvelli reynslu Siglingaöryggisstofnunarinnar á flokkunarfélögum fyrir hafskip skal stofnunin veita framkvæmdastjórninni viðeigandi upplýsingar að því er varðar flokkunarfélög fyrir skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum og stuðla þar með að meiri skilvirkni.
- 26) Siglingaöryggisstofnunin skal aðstoða framkvæmdastjórnina og aðildarríkin, að því er varðar tengingar á milli flutningsupplýsingakerfa, með því að kanna, í samstarfi við lögbær yfirvöld fyrir upplýsingaþjónustu um ár, möguleikann á því að deila upplýsingum á milli slíkra kerfa.
- 27) Með fyrirvara um ábyrgð lögbærra yfirvalda skal Siglingaöryggisstofnunin aðstoða framkvæmdastjórnina og aðildarríkin við þróun og framkvæmd væntanlegs framtaksverkefnis um rafrænt upplýsingatæknikerfi á sviði sjóflutninga (e. *e-Maritime*) sem miðar að því að bæta skilvirkni í evrópskum sjóflutningum með því að greiða fyrir notkun þróaðrar upplýsingatækni.
- 28) Með það í huga að koma á innri markaði og evrópsku sjóflutningasvæði án hindrana, skal draga úr stjórnsýsluálagi á sviði sjóflutninga og þar með að hvetja m.a. til flutninga á stuttum sjóleiðum. Í þessu samhengi er hugsanlegt að nota hugtakið „bláa beltið“ (e. *Blue Belt*) og rafrænt upplýsingatæknikerfi á sviði sjóflutninga, sem aðferð til að draga úr formsatriðum við skýrslugjöf sem krafist er að skip sem notuð eru í atvinnuskyni uppfylli við komu í eða brottför úr höfnum í aðildarríkjunum.
- 29) Minnt er á að samkvæmt dómaframkvæmd Evrópudómstólsins og til að virða meginregluna um jafnvægi á milli stofnana, skal valdið til að samþykkja ákvarðanir sem hafa almennt gildi ekki falið tiltekinni stofnun.
- 30) Með fyrirvara um markmiðin og verkefni, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1406/2002, skal framkvæmdastjórnin undirbúa og leggja fram, innan eins árs frá gildistöku þessarar reglugerðar, í nánú samstarfi við viðkomandi hagsmunaaðila, hagkvæmniathugun, með það fyrir augum að meta og greina möguleikana á því að auka samræmingu og samstarf vegna hinna ýmsu verkefna við landhelgisgæslu. Í þessari athugun skal taka tillit til gildandi lagaramma og viðeigandi tilmæla frá tilheyrandi vettvangi Sambandsins, ásamt núverandi þróun sameiginlegs umhverfis til upplýsingaskipta (CISE) og virða skal að öllu leyti meginreglurnar um nálægð og meðalhóf, með skýrum upplýsingum um kostnað og ávinning fyrir Evrópuþingið og ráðið.
- 31) Mikilvægt er fyrir samkeppnishæfni siglingaklasa Sambandsins að laða að vel þjálfaða evrópska farmenn. Í ljósi núverandi og væntanlegrar eftirspurnar í Sambandinu eftir farmönnum með mikla menntun og hæfi, skal Siglingaöryggisstofnunin, ef við á, styðja aðildarríkin og framkvæmdastjórnina við að efla þjálfun farmanna með því að greiða fyrir frjálsum upplýsingaskiptum um bestu starfsvenjur og veita upplýsingar um skiptiáætlanir í Sambandinu varðandi þjálfun farmanna. Þetta getur falið í sér að aðstoða lögbæra evrópska hagsmunaaðila við að stuðla að yfirburðarmenntun og -þjálfun á sviði sjómennsku með sjálfviljugum hætti á sama tíma og ábyrgð aðildarríkjanna á innihaldi og skipulagi þjálfunar farmanna er virt að öllu leyti.
- 32) Til að vinna gegn sífellt meiri áhættu sem stafar af sjóræningjastarfsemi skal Siglingaöryggisstofnunin halda áfram, eftir því sem við á, að senda lögbærum landsyfirvöldum og öðrum viðkomandi aðilum, þ.m.t. aðilum innan ramma Atalanta-hernaðaraðgerðar ESB, ítarlegar upplýsingar um stöðu skipa sem sigla undir fána aðildarríkja og sigla um svæði sem eru flokkuð sem mjög hættuleg. Enn fremur hefur Siglingaöryggisstofnunin úrræði sem geta reynst gagnleg, nánar tiltekið í tengslum við þróun sameiginlegs umhverfis til upplýsingaskipta. Því er rétt að Siglingaöryggisstofnunin veiti lögbærum landsyfirvöldum og stofnunum Sambandsins, s.s. Frontex og Evrópsku lögregluskrifstofunni, að fenginni beiðni þar að lútandi,

- upplýsingar um staðsetningu viðkomandi skips og gögn um jarðfjarkönnun, til að auðvelda forvarnarráðstafanir gegn vísitandi, ólögmatum aðgerðum í skilningi viðeigandi laga Sambandsins, án þess að það hafi áhrif á réttindi og skuldbindingar aðildarríkjanna í samræmi við gildandi lög þeirra og löggjöf Sambandsins, einkum að því er varðar þær stofnanir sem óska eftir gögnunum. Gögn frá kerfi til auðkennis- og fjarvöktunar skipa (LRIT) skulu háð samþykki hlutaðeigandi fánaríkis, í samræmi við verklagsreglur sem stjórnin setur.
- 33) Þegar framkvæmdastjórnin og Siglingaöryggisstofnunin birta upplýsingar í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB frá 23. apríl 2009 um hafnarrikiseftirlit⁽¹⁾ skal byggja á sérþekkingu og fenginni reynslu samkvæmt Parísarsamkomulaginu um hafnarrikiseftirlit, til að tryggja samræmi.
- 34) Aðstoð Siglingaöryggisstofnunarinnar til handa framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum, að því er varðar viðeigandi starf alþjóðlegra og svæðisbundinna stofnana, skal ekki hafa áhrif á sambandið á milli þessara stofnana og aðildarríkjanna í tengslum við aðild aðildarríkjanna að þessum stofnunum.
- 35) Sambandið hefur gengist undir eftirfarandi gerninga, um að koma á fót svæðisbundnum stofnunum, þar sem starfsemi þeirra fellur einnig undir markmið Siglingaöryggisstofnunarinnar: samning um vernd Eystrasalts (Helsinki-samningurinn, endurskoðaður 1992)⁽²⁾, samning um verndun Miðjarðarhafsins gegn mengun (Barselóna-samningurinn)⁽³⁾, endurskoðun hans frá 1995⁽⁴⁾ og fjölda bókana við hann, samstarfssamning um að berjast gegn mengun Norðursjávar af völdum olíu og annarra skaðlegra efna (Bonn-samstarfssamningurinn)⁽⁵⁾, samning um verndun Norðaustur-Atlantshafsins (OSPAR-samningurinn)⁽⁶⁾, samstarfssamning um verndun strandlengju og hafsvæða Norðaustur-Atlantshafsins gegn mengun sem var undirritaður 17. október 1990 (Lissabon-samningurinn)⁽⁷⁾, að meðtalinni viðbótarbókun við samninginn sem var undirrituð 20. maí 2008 en hefur ekki enn öðlast gildi⁽⁸⁾. Sambandið hefur einnig samið um aðild að samningnum um verndun Svartahafs gegn mengun sem var undirritaður í apríl 1992 (Búkarest-samningurinn). Siglingaöryggisstofnunin skal því veita aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni tækniástoð til að taka þátt í viðeigandi starfi þessara svæðisbundnu stofnana.
- 36) Til viðbótar við þessar svæðisbundnu stofnanir er um að ræða margs konar annað svæðisbundið, undirsvæða- og tvíhliða samræmingar- og samstarfsfyrirkomulag að því er varðar viðbrögð við mengun. Þegar Siglingaöryggisstofnunin veitir þriðju löndum, sem deila svæðisbundnum hafsvæðum með Sambandinu, aðstoð vegna viðbragða við mengun, skal hún taka tillit til þessa fyrirkomulags.
- 37) Sambandið deilir svæðisbundnum hafsvæðum Miðjarðarhafs, Svartahafs og Eystrasalts með nágrannalöndunum. Siglingaöryggisstofnunin skal, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, veita þessum löndum aðstoð að því er varðar viðbrögð við mengun.
- 38) Til að hámarka skilvirkni skal Siglingaöryggisstofnunin starfa eins náíð og mögulegt er í tengslum við Parísarsamkomulagið um hafnarrikiseftirlit. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu halda áfram að skoða alla kosti, sem unnt er að leggja fram til athugunar innan ramma Parísarsamkomulagsins um hafnarrikiseftirlit, til að auka frekar skilvirkni.
- 39) Siglingaöryggisstofnunin skal aðstoða framkvæmdastjórnina við heimsóknir til aðildarríkjanna til að tryggja að bindandi lagageringar Sambandsins á sviði siglingaöryggis og forvarna gegn mengun af völdum skipa fari í raun fram með réttum hætti. Þessar heimsóknir til landsbundinna stjórnvalda skulu gera Siglingaöryggisstofnuninni kleift að afla allra nauðsynlegra upplýsinga til að leggja ítarlega skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina með hliðsjón af ítarlegri mati. Þessar heimsóknir skulu fara fram í anda meginreglnanna, sem um getur í 3. mgr. 4. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, og skulu fara fram með þeim hætti að stjórnsluálagi fyrir landsbundin stjórnvöld á sviði siglingamála sé haldið í lágmarki. Enn fremur skulu heimsóknirnar fara fram í samræmi við settar verklagsreglur, þ.m.t. staðlaða aðferðafræði, sem stjórnin hefur samþykkt.
- 40) Siglingaöryggisstofnunin skal aðstoða framkvæmdastjórnina með því að framkvæma skoðanir á viðurkenndum stofnunum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla um stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit⁽⁹⁾. Einnig er heimilt að framkvæma þessar skoðanir í þriðju löndum. Framkvæmdastjórnin og Siglingaöryggisstofnunin skulu tryggja að hlutaðeigandi aðildarríki séu upplýst á viðeigandi hátt. Siglingaöryggisstofnunin skal einnig framkvæma skoðanirnar, sem framkvæmdastjórnin hefur falið stofnuninni, í tengslum við þjálfun og útgáfu skírteina farmanna í þriðju löndum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB frá 19. nóvember 2008 um lágmarksþjálfun sjómanna⁽¹⁰⁾. Upplýsingar um tækniástoðina, sem Siglingaöryggisstofnunin veitir í tengslum við skoðanir á sviði siglingaverndar, sem framkvæmdastjórnin framkvæmir í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 324/2008 frá 9. apríl 2008 um endurskoðaðar

(1) Stjtið. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 57.

(2) Ákvörðun ráðsins 94/157/EB (Stjtið. EB L 73, 16.3.1994, bls. 19).

(3) Ákvörðun ráðsins 77/585/EBE (Stjtið. EB L 240, 19.9.1977, bls. 1).

(4) Ákvörðun ráðsins 1999/802/EB (Stjtið. EB L 322, 14.12.1999, bls. 32).

(5) Ákvörðun ráðsins 84/358/EBE (Stjtið. EB L 188, 16.7.1984, bls. 7).

(6) Ákvörðun ráðsins 98/249/EB (Stjtið. EB L 104, 3.4.1998, bls. 1).

(7) Ákvörðun ráðsins 93/550/EBE (Stjtið. EB L 267, 28.10.1993, bls. 20).

(8) Ákvörðun ráðsins 2010/655/ESB (Stjtið. EB L 285, 30.10.2010, bls. 1).

(9) Stjtið. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 11.

(10) Stjtið. ESB L 323, 3.12.2008, bls. 33.

verklagsreglur um framkvæmd skoðana framkvæmdastjórnarinnar á sviði siglingaverndar ⁽¹⁾, falla ekki undir reglugerð (EB) nr. 1406/2002.

41) Til að tryggja samfellu í stefnumótun og stofnanauppbyggingu í Sambandinu sem og að því er varðar málsmeðferðarreglur á sviði stjórnsýslu- og fjármála, skal framkvæmdastjórnin gefa út formleg ráð í formi skriflegs álits á drögum að áætlun Siglingaöryggisstofnunarinnar til margra ára og drögum að árlegum starfsáætlunum, sem stjórnin skal taka tillit til áður en hún samþykkir þessi skjöl.

42) Til að tryggja réttláta og gagnsæja málsmeðferð við skipun framkvæmdastjóra skal fylgja valferli, sem samrýmist leiðbeiningum framkvæmdastjórnarinnar við val og tilnefningu framkvæmdastjóra fyrir stofnanir Sambandsins. Í þessum leiðbeiningum er kveðið á um að ríkisborgarar allra aðildarríkja geti lagt fram umsókn. Af sömu ástæðum skal áheyrnarfulltrúi vera fulltrúi stjórnarinnar í forvalsnefndinni. Upplýsa skal áheyrnarfulltrúann á seinni stigum valferlisins. Þegar stjórnin hefur tekið ákvörðun sína um skipun skulu stjórnarmenn geta beint spurningum til framkvæmdastjórnarinnar um valferlið. Stjórnin skal enn fremur hafa tók á að taka viðtal við þá sem eru á úrtakslista yfir umsækjendur í samræmi við staðlaða venju. Á öllum stigum valferlisins og skipunar í stöðu framkvæmdastjóra Siglingaöryggisstofnunarinnar skulu allir aðilar sem eiga hlut að máli tryggja að farið sé með persónuupplýsingar umsækjenda í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ⁽²⁾.

43) Þó svo að Siglingaöryggisstofnunin sé að mestu leyti fjármögnuð með framlagi frá Sambandinu, hefur hún einnig tekjur af þóknunum og gjöldum í tengslum við þjónustuna sem hún veitir. Þessar þóknunar og gjöld tengjast einkum rekstri gagnamiðstöðvar Evrópusambandsins um kerfi til auðkennis- og fjarvöktunar skipa og er þeim beitt í samræmi við ályktun ráðsins sem var samþykkt 1. og 2. október 2007 og 9. desember 2008 í tengslum við stofnun gagnamiðstöðvar Evrópusambandsins um kerfi til auðkennis- og fjarvöktunar skipa og einkum í samræmi við þær málsgreinar sem tengjast fjármögnun skýrslna um kerfið til auðkennis- og fjarvöktunar skipa.

44) Innan ramma framvinduskýrslunnar, sem kveðið er á um samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1406/2002, skal framkvæmdastjórnin einnig skoða möguleika Siglingaöryggisstofnunarinnar til að leggja sitt af mörkum til hrinda í framkvæmd lagagerðum í framtíðinni um öryggi við leit, rannsókn og vinnslu á olíu og gasi á hafi úti, sem Evrópuþingið og ráðið skoðar sem stendur, að

því er varðar að koma í veg fyrir mengun á hafi úti af völdum olíu- og gaslagna, með tilliti til þeirrar sérþekkingar og tækja sem Siglingaöryggisstofnunin hefur komið sér upp og eru viðurkennd.

45) Með starfsemi Siglingaöryggisstofnunarinnar skal, eftir því sem við á, einnig stuðlað að stofnun raunverulegs evrópsks sjóflutningasvæðis án hindrana.

46) Taka skal tillit til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 frá 25. október 2012 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins ⁽³⁾, einkum 208. gr.

47) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1406/2002 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1406/2002

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EB) nr. 1406/2002:

1) Eftirfarandi komi í stað 1.–3. gr.:

„1. gr.

Markmið

1. Með þessari reglugerð er komið á fót Siglingaöryggisstofnun Evrópu („Siglingaöryggisstofnunin“) í þeim tilgangi að tryggja siglingaöryggi, siglingavernd, varnir gegn og viðbrögð við mengun af völdum skipa, ásamt viðbrögðum við sjávarmengun af völdum olíu- og gaslagna, á háu stigi og með samræmdum og skilvirkum hætti.

2. Í því skyni skal Siglingaöryggisstofnunin starfa með aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni og sjá þeim fyrir tækni-, rekstrar- og vísindaaðstoð á þeim sviðum sem nefnd eru í 1. mgr. þessarar greinar, innan marka kjarnaverkefnanna, sem sett eru fram í 2. gr., og, þegar og ef við á, hliðarverkefnanna, sem sett eru fram í 2. gr. a, einkum til að aðstoða aðildarríkin og framkvæmdastjórnina við að beita viðeigandi lagagerningum Sambandsins á tilhlýðilegan hátt. Siglingaöryggisstofnunin skal einungis veita rekstrarlega aðstoð að því er varðar viðbrögð við mengun, að fenginni beiðni frá því ríki eða þeim ríkjum sem verða fyrir áhrifum.

3. Með því að veita aðstoðina, sem um getur í 2. mgr., leggur Siglingaöryggisstofnunin, eftir því sem við á, sitt af mörkum til heildarskilvirkni skipaumferðar og flutninga á sjó, eins og sett er fram í þessari reglugerð, til að greiða fyrir stofnun evrópsks sjóflutningasvæðis án hindrana.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 98, 10.4.2008, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 298, 26.10.2012, bls. 1.

2. gr.

Kjarnaverkefni Siglingaöryggisstofnunarinnar

1. Til að tryggja að markmiðunum, sem tilgreind eru í 1. gr., verði náð með viðeigandi hætti skal Siglingaöryggisstofnunin sinna kjarnaverkefnum sem talin eru upp í þessari grein.

2. Siglingaöryggisstofnunin skal aðstoða framkvæmdastjórnina:

- a) við að undirbúa uppfærslu og þróun viðeigandi lagagerninga Sambandsins, einkum í samræmi við þróun alþjóðlegrar löggjafar,
- b) við skilvirka framkvæmd viðeigandi bindandi lagagerninga Sambandsins, einkum með því að fara í heimsóknir og framkvæma skoðanir, eins og um getur í 3. gr. þessarar reglugerðar, og með því að sjá framkvæmdastjórninni fyrir tækniástoð við framkvæmd skoðunarverkefnanna, sem henni eru falin skv. 4. mgr. 9. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 725/2004 frá 31. mars 2004 um að efla vernd skipa og hafnaraðstöðu (*); að því er þetta varðar er Siglingaöryggisstofnunin heimilt að fjalla um tillögur framkvæmdastjórnarinnar um hvers konar mögulegar úrbætur á þessum bindandi lagagerningum,
- c) við að greina rannsóknarverkefni sem eru í gangi og sem hefur verið lokið við og skipta máli fyrir markmið Siglingaöryggisstofnunarinnar; þetta getur falið í sér tilgreiningu á mögulegum eftirfylgniráðstöfunum sem leiða af tilteknum rannsóknarverkefnum,
- d) við framkvæmd hvers konar annarra verkefna sem framkvæmdastjórninni eru falin samkvæmt lagagærdum Sambandsins og varða markmið Siglingaöryggisstofnunarinnar.

3. Siglingaöryggisstofnunin skal starfa með aðildarríkjunum við:

- a) að skipuleggja, eftir því sem við á, viðeigandi þjálfunarverkefni á sviðum sem eru á ábyrgð aðildarríkjanna,
- b) að þróa tæknilausnir, þ.m.t. að veita viðeigandi rekstrarþjónustu og tækniástoð, til að byggja upp nauðsynlega getu innan aðildarríkjanna til að framkvæma viðkomandi lagagerninga Sambandsins,
- c) að veita, að beiðni aðildarríkis, viðeigandi upplýsingar, sem leiða af skoðunum sem um getur í 3. gr., til að styðja við vöktun viðurkenndra stofnana, sem vinna að vottunarverkefnum af hálfu aðildarríkjanna í samræmi við 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/15/EB frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamála-yfirvalda (**), án þess að það hafi áhrif á réttindi og skuldbindingar fánaríkisins,

d) að styðja með viðbótarúræðum, á kostnaðarhagkvæman hátt, við viðbrögð við mengun, þegar um er að ræða mengun frá skipum, ásamt sjávarmengun af völdum olíu- og gaslagna, þegar beiðni hefur verið lögð fram af því aðildarríki sem varð fyrir áhrifum og stýrir framkvæmd hreinsunaraðgerðanna, án þess að það hafi áhrif á ábyrgð strandríkja um að hafa til staðar viðeigandi kerfi fyrir viðbrögð við mengun, á sama tíma og fyrirbyggjandi samstarf aðildarríkjanna á þessu sviði er virt. Eins og við á, skulu beiðnir um virkjun aðgerða gegn mengun fara í gegnum kerfi ESB á sviði almannavarna, sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 2007/779/EB, KBE (***)

4. Siglingaöryggisstofnunin skal greiða fyrir samstarfi á milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar:

- a) á sviði vöktunar umferðar á sjó, sem fellur undir tilskipun 2002/59/EB, skal Siglingaöryggisstofnunin einkum stuðla að samstarfi milli strandríkja sem liggja að viðkomandi siglingasvæðum ásamt því að þróa og reka gagnamiðstöð Evrópusambandsins um auðkennis- og fjarvöktun skipa og SafeSeaNet-kerfið, eins og um getur í 6. gr. b og 22. gr. a í þeirri tilskipun, og alþjóðlegt upplýsingaskiptakerfi um auðkennis- og fjarvöktun skipa í samræmi við skuldbindinguna sem gerð var á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO),
- b) með því að veita lögbærum landsyfirvöldum og viðkomandi stofnunum Sambandsins, innan valdsviðs þeirra, samkvæmt beiðni og án þess að það hafi áhrif á landslög eða lög Sambandsins, viðeigandi gögn um staðsetningu skips og gögn um jarðfjarkönnun, til að greiða fyrir ráðstöfunum gegn hættum sem stafa af sjóræningjastarfsemi og visvitandi, ólögætum aðgerðum, eins og kveðið er á um í gildandi lögum Sambandsins eða alþjóðlega samþykktum lagagerningum á sviði flutninga á sjó, sem falla undir viðeigandi reglur um gagnavernd, og í samræmi við þá stjórnsýslu meðferð sem stjórnin ákveður eða stýrihópur háttsettra embættismanna, sem skipaður er í samræmi við tilskipun 2002/59/EB, eins og við á; gögn frá kerfi til auðkennis- og fjarvöktunar skipa skulu háð samþykki hlutaðeigandi fánaríkis,
- c) á sviði rannsókna á sjóslysum og atvika á sjó í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/18/EB frá 23. apríl 2009 um setningu grundvallarreglna við rannsóknir á slysum á sviði sjóflutninga(****), skal Siglingaöryggisstofnunin, ef beiðni berst frá viðkomandi aðildarríkjum og að því gefnu að ekki komi upp hagsmunaárekstrar, sjá þessum aðildarríkjum fyrir rekstrarstuðningi varðandi rannsóknir í tengslum við alvarleg eða mjög alvarleg slys og skal hún láta fara fram greiningu á öryggisrannsóknarskýrslum í því skyni að koma auga á mikilvægi þess á vettvangi Sambandsins að því er varðar þann lærdóm sem draga má af atvikinu; á grundvelli þeirra gagna sem aðildarríkin útvega, í samræmi við 17. gr. þeirrar tilskipunar, skal Siglingaöryggisstofnunin árlega taka saman yfirlit yfir sjóslys og atvik á sjó,

- d) með því að sjá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum fyrir hlutlægum, áreiðanlegum og samþærilegum upplýsingum og gögnum til að gera þeim kleift að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að bæta aðgerðir sínar og meta skilvirkni og kostnaðarhagkvæmni þeirra ráðstafana sem gerðar hafa verið; á meðal slíkra verkefna skulu vera söfnun, skráning og mat á tækniupplýsingum, kerfisbundin nýting fyrirbyggjandi gagnagrunna, þ.m.t. vixlnýting þeirra og, eftir því sem við á, þróun viðbótargagnagrunna; á grundvelli gagna, sem aflað hefur verið, skal Siglingaöryggisstofnunin aðstoða framkvæmdastjórnina við birtingu upplýsinga um skip samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB frá 23. apríl 2009 um hafnarrikiseftirlit (****),
- e) við að afla og greina gögn um farmenn, sem eru lögð fram og notuð í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB frá 19. nóvember 2008 um lágmarksþjálfun sjómanna (*****),
- f) við að endurbæta aðferðir til að bera kennsl á og veita eftirför skipum sem stunda ólöglega losun í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/35/EB frá 7. september 2005 um mengun sem á upptök sín um borð í skipum og innleiðingu viðurlaga við brotum (*****),
- g) að því er varðar olíumengun sjávar af völdum olíu- og gaslagna, með því að nota CleanSeaNet-kerfið til að vakta umfang og umhverfisáhrif slíkrar mengunar,
- h) við að veita aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni nauðsynlega tækniaðstoð til að leggja sitt af mörkum til viðeigandi starfs tækninefnda Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar að því er varðar sjóflutninga og Parísarsamkomulagsins um hafnarrikiseftirlit og viðeigandi svæðisbundinna stofnana sem Sambandið er aðili að, að því er varðar valdsvið Sambandsins,
- i) að því er varðar framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/65/ESB frá 20. október 2010 um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í aðildarríkjum (*****), einkum með því að greiða fyrir rafrænum gagnasendingum fyrir tilstuðlan SafeSeaNet-kerfisins og með því að styðja við þróun stöku glugganna.
5. Siglingaöryggisstofnuninni er heimilt, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, að veita ríkjum, sem sækja um aðild að Sambandinu, tækniaðstoð, þ.m.t. aðstoð við að skipuleggja viðeigandi þjálfun að því er varðar viðeigandi lagagæringa Sambandsins, og, eftir atvikum, evrópskum nágrannalöndum, sem eru samstarfsaðilar, og löndum sem eru aðilar að Parísarsamkomulaginu um hafnarrikiseftirlit.

Siglingaöryggisstofnuninni er einnig heimilt að veita aðstoð þegar um er að ræða mengun af völdum skipa sem og sjávarmengun af völdum olíu- og gaslagna, sem hafa áhrif á þessi þriðju lönd sem deila svæðisbundnum hafsvæðum með Sambandinu, í samræmi við kerfi ESB á sviði almannavarna, sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins

2007/779/EB, KBE og með hliðsjón af skilyrðunum sem gilda um aðildarríkin eins og um getur í d-lið 3. mgr. þessarar greinar. Samræma skal þessi verkefni við það fyrirkomulag sem er á fyrirbyggjandi svæðisbundinni samvinnu í tengslum við sjávarmengun.

2. gr. a

Viðbótarverkefni Siglingaöryggisstofnunarinnar

1. Með fyrirvara um kjarnaverkefni, sem um getur í 2. gr., skal Siglingaöryggisstofnunin aðstoða framkvæmdastjórnina og aðildarríkin, eins og við á, við að þróa og framkvæma verkefni Sambandsins, sem sett eru fram í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, í tengslum við markmið Siglingaöryggisstofnunarinnar, að því marki sem hún hefur komið á og viðurkennt sérþekkingu og tæki. Viðbótarverkefni, sem sett eru fram í þessari grein, skulu:

- skapa verulega aukinn virðisauka,
- komast hjá því að um tvíverknad verði að ræða,
- vera í þágu stefnumótunar Sambandsins á sviði flutninga á sjó,
- ekki vera skaðleg kjarnaverkefnum Siglingaöryggisstofnunarinnar og
- ekki brjóta í bága við réttindi og skuldbindingar aðildarríkjanna, einkum sem fánaríki, hafnaríki og strandríki.

2. Siglingaöryggisstofnunin skal aðstoða framkvæmdastjórnina:

- í tengslum við framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/56/EB (Haftilskipunin) (*****), með því að leggja sitt af mörkum til markmiðsins um að ná góðri umhverfislegri stöðu sjávar að því er varðar þætti sem tengjast sjóflutningum og hvernig þau tæki sem fyrir hendi eru, eru nýtt, t.d. SafeSeaNet-kerfið og CleanSeaNet-kerfið,
- við að veita tækniaðstoð í tengslum við losun gróðurhúsalofttegunda frá skipum, einkum með því að fylgja eftir þróun á alþjóðavettvangi,
- að því er varðar hnattrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála (GMES), við að efla notkun gagna frá hnattrænu eftirliti vegna umhverfis- og öryggismála og þjónustu í tengslum við siglingar, innan stjórnarramma hnattræna eftirlitsins vegna umhverfis- og öryggismála,
- við að þróa sameiginlegt umhverfi til upplýsingaskipta á sviði siglingamála innan ESB,
- að því er varðar færanlegar olíu- og gaslagnir á hafi úti, með því að skoða kröfur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og safna grunnupplýsingum um mögulegar ógnir við flutninga á sjó og sjávarumhverfið,
- með því að útvega viðeigandi upplýsingar að því er varðar flokkunarfélög fyrir skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/87/EB frá

12. desember 2006 um tæknilegar kröfur vegna skipa í siglingum á skipgengum vatnaleiðum(*****). Þessar upplýsingar skulu einnig vera hluti af skýrslunum sem um getur í 4. og 5. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar.

3. Siglingaöryggisstofnunin skal aðstoða framkvæmdastjórnina og aðildarríkin:

- við að skoða hagkvæmni og framkvæmd stefnumála og verkefna sem styðja við stofnun evrópska sjóflutninga-svæðisins án hindrana, t.d. Bláa beltíð og rafrænt upplýsingatæknikerfi á sviði sjóflutninga ásamt hraðbrauta hafsins; þetta skal einkum gert með því að skoða viðbótarstarfsemi SafeSeaNet-kerfisins, án þess að það hafi áhrif á hlutverk stýrihóps háttsettra embættismanna sem skipaður er í samræmi við tilskipun 2002/59/EB,
- með því að skoða, í samstarfi við lögbær yfirvöld yfir upplýsingaþjónustu um ár, möguleikann á því að þetta kerfi og upplýsingakerfi fyrir flutninga á sjó skiptist á upplýsingum, á grundvelli skýrslunnar sem kveðið er á um í 15. gr. tilskipunar 2010/65/ESB,
- með því að greiða fyrir valkvæðum skiptum á bestu starfsvenjum við þjálfun og menntun farmanna í Sambandinu og með því að útvega upplýsingar um skiptiáætlanir í Sambandinu í tengslum við þjálfun farmanna, á sama tíma og 166. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er að fullu virt.

3. gr.

Heimsóknir til aðildarríkjanna og skoðanir

1. Í því skyni að sinna þeim verkefnum, sem Siglingaöryggisstofnuninni eru falin, og til að aðstoða framkvæmdastjórnina við að uppfylla skyldur sínar samkvæmt sáttmálunum um starfshætti Evrópusambandsins og einkum vegna mats á skilvirkri framkvæmd viðkomandi laga Sambandsins, skal Siglingaöryggisstofnunin fara í heimsóknir til aðildarríkjanna í samræmi við þá aðferðafræði sem stjórnin ákveður.

2. Siglingaöryggisstofnunin skal tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki tímanlega um fyrirhugaða heimsókn, nöfn hinna viðurkenndu embættismanna, hvaða dag heimsóknin hefst og hversu lengi er gert ráð fyrir að hún standi yfir. Embættismenn Siglingaöryggisstofnunarinnar sem er falið að fara í slíkar heimsóknir, skulu gera það gegn framvísun skriflegrar ákvörðunar framkvæmdastjóra stofnunarinnar þar sem tilgangur og markmið erindisins er tilgreint.

3. Siglingaöryggisstofnunin skal framkvæma skoðanir af hálfu framkvæmdastjórnarinnar, eins og krafist er samkvæmt bindandi lagagerningum Sambandsins að því er varðar stofnanir sem Sambandið viðurkennir í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit(*****)) og varðandi þjálfun og útgáfu skírteina farmanna í þriðju löndum í samræmi við tilskipun 2008/106/EB.

4. Við lok hverrar heimsóknar eða skoðunar skal Siglingaöryggisstofnunin semja skýrslu og senda til framkvæmdastjórnarinnar og hlutaðeigandi aðildarríkis.

5. Eftir því sem við á og ætíð þegar heimsóknar- eða skoðunartímabili er lokið, skal Siglingaöryggisstofnunin greina skýrslur þess tímabils í því skyni að koma auga á þverlægar og almennar niðurstöður um skilvirkni og kostnaðarhagkvæmni fyrirleggjandi ráðstafana. Siglingaöryggisstofnunin skal leggja þessa greiningu fyrir framkvæmdastjórnina til frekari viðræðna við aðildarríkin til að draga viðeigandi lærdóm af henni og greiða fyrir útbreiðslu góðra starfsvenja.

(*) Stjtið. ESB L 129, 29.4.2004, bls. 6.

(**) Stjtið. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 47.

(***) Stjtið. ESB L 314, 1.12.2007, bls. 9.

(****) Stjtið. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 114.

(*****) Stjtið. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 57.

(******) Stjtið. ESB L 323, 3.12.2008, bls. 33.

(******) Stjtið. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 11.

(******) Stjtið. ESB L 283, 29.10.2010, bls. 1.

(******) Stjtið. ESB L 164, 25.6.2008, bls. 19.

(******) Stjtið. ESB L 389, 30.12.2006, bls. 1.

(******) Stjtið. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 11.“

2) Í stað 3. og 4. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„3. Stjórnin skal samþykkja hagnýtt fyrirkomulag um beitingu 1. og 2. mgr., þ.m.t., eftir því sem við á, fyrirkomulag varðandi samráð við aðildarríkin áður en upplýsingar eru birtar.

4. Upplýsingar, sem framkvæmdastjórnin og Siglingaöryggisstofnunin safna og vinna úr í samræmi við þessa reglugerð, skulu vera samkvæmt reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga(*) og Siglingaöryggisstofnunin skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja örugga meðferð og vinnslu trúnaðarupplýsinga.

(*) Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.“

3) Í stað 3. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„3. Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar er stjórninni heimilt að ákveða, með samþykki og í samráði við hlutaðeigandi aðildarríki og að teknu tilhlýðilegu tilliti til áhrifa á fjárlög, þ.m.t. öll framlög sem hlutaðeigandi aðildarríki kunna að veita, að setja á stofn svæðismiðstöðvar sem skulu vinna að sumum verkefnum Siglingaöryggisstofnunarinnar á sem skilvirkastan og árangursríkastan hátt. Þegar slík ákvörðun er tekin skal stjórnin skilgreina nákvæmlega umfang starfseminnar sem svæðismiðstöðvarnar eiga að sinna, forðast ónauðsynlegan fjárhagslegan kostnað og stuðla að samstarfi við svæðisbundin og landsbundin kerfi sem eru til staðar.“

- 4) Ákvæðum 2. mgr. 10. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað b-liðar komi eftirfarandi:
- „b) samþykkja ársskýrslu um starfsemi Siglingaöryggisstofnunarinnar og framsenda hana til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar, endurskoðunarréttarins og aðildarríkjanna eigi síðar en 15. júní ár hvert;
- Siglingaöryggisstofnunin skal senda fjárveitingavaldinu árlega allar upplýsingar sem varða matsniðurstöðurnar.“
- b) Í stað c-liðar komi eftirfarandi:
- „c) fjalla um og samþykkja innan ramma undirbúnings að gerð starfsáætlunarinnar, beiðnir frá aðildarríkjunum um aðstoð, eins og um getur í d-lið 2. mgr. 2. gr., beiðnir frá aðildarríkjunum um tækniástoð, eins og um getur í 3. mgr. 2. gr. og beiðnir um tækniástoð, eins og um getur í 5. mgr. 2. gr., ásamt beiðnum um aðstoð, eins og um getur í 2. gr. a,
- ca) fjalla um og samþykkja áætlun Siglingaöryggisstofnunarinnar til margra ára, fyrir fimm ára tímabil, með tilliti til skriflegs álits framkvæmdastjórnarinnar,
- cb) fjalla um og samþykkja áætlun Siglingaöryggisstofnunarinnar um starfsmannastefnu til margra ára,
- cc) taka til athugunar drög að stjórnunarfyriðkomulagi, eins og um getur í ba-lið 2. mgr. 15. gr.“
- c) Í stað g-liðar komi eftirfarandi:
- „g) ákveða aðferðafræði fyrir heimsóknir sem á að fara í skv. 3. gr.; ef framkvæmdastjórnin lýsir sig ósamþykka aðferðafræðinni, innan 15 daga frá því að hún er samþykkt, skal stjórnin endurskoða aðferðafræðina og samþykkja hana, hugsanlega með breytingum, í annarri umræðu annaðhvort með tveimur þriðju hluta atkvæða meirihluta, þ.m.t. fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar, eða með samhljóða samþykki fulltrúa aðildarríkjanna.“
- d) Eftirfarandi komi í stað h-liðar:
- „h) sinna skyldum sínum með tilliti til fjárhagsáætlunar Siglingaöryggisstofnunarinnar, skv. 18., 19. og 21. gr., og vakta og tryggja fullnægjandi eftirfylgni við niðurstöður og tilmæli, sem koma fram við gerð mismunandi úttektarskýrslna og mats sem annaðhvort eru gerð af hálfu utanaðkomandi aðila eða aðila innan Siglingaöryggisstofnunarinnar.“
- e) Í stað i-liðar komi eftirfarandi:
- „i) vera yfir framkvæmdastjórnann og deildarstjórana sett, sem um getur í 16. gr.“
- f) Í stað l-liðar komi eftirfarandi:
- „l) endurskoða fjárhagslega framkvæmd nákvæmu áætlunarinnar, sem um getur í k-lið þessarar málsgreinar, og skuldbindingar samkvæmt fjárhagsáætluninni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2038/2006 frá 18. desember 2006 um fjármögnun til margra ára á aðgerðum Siglingaöryggisstofnunar Evrópu til að bregðast við mengun frá skipum(*).
- (*) Stjtið. ESB L 394, 30.12.2006, bls. 1.“
- g) Eftirfarandi liður bætist við:
- „m) skipa áheyrnarfulltrúa úr röðum stjórnarmanna sinna til að fylgjast með valferli framkvæmdastjórnarinnar við skipun framkvæmdastjóra.“
- 5) Ákvæðum 11. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað annarar undirgreinar 1. mgr. komi eftirfarandi:
- „Stjórnarmenn skal skipa á grundvelli viðeigandi reynslu og sérfræðipækkingar á þeim sviðum sem um getur í 1. gr. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu kappkosta að hafa jafnvægi á milli karla og kvenna í stjórninni.“
- b) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:
- „3. Skipunartíminn er fjögur ár. Heimilt er að endurnýja skipunartímann.“
- 6) Í stað 4. mgr. 13. gr. komi eftirfarandi:
- „4. Ef um er að ræða trúnaðarmál eða hagsmunaaðreikstra er stjórninni heimilt að ákveða að taka fyrir tiltekna dagskrárliði án nærveru hlutaðeigandi stjórnarmanna. Kveða skal nánar á um beitingu þessa ákvæðis í starfsreglum stjórnar.“
- 7) Ákvæðum 15. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað a- og b-liðar 2. mgr. komi eftirfarandi:
- „a) hann skal semja áætlun Siglingaöryggisstofnunarinnar til margra ára og leggja hana fyrir stjórnina, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina, a.m.k. átta vikum fyrir viðkomandi stjórnarfund, að teknu tillit til skoðana og tillagna stjórnarmanna,
- aa) hann skal undirbúa starfsmannastefnu Siglingaöryggisstofnunarinnar til margra ára og leggja hana fyrir stjórnina, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina, a.m.k. fjórum vikum fyrir viðkomandi stjórnarfund,

- ab) hann skal semja árlega starfsáætlun með upplýsingum um áætlaðan mannauð og fjármagn sem úthlutað er fyrir hvert verkefni ásamt nákvæmri áætlun um viðbúnað og viðbrögð Siglingaöryggisstofnunarinnar við mengun, og leggja hana fyrir stjórnina, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina, a.m.k. átta vikum fyrir viðkomandi stjórnarfund, að teknu tilliti til skoðana og tillagna stjórnarmanna. Hann skal gera viðeigandi ráðstafanir um framkvæmd þeirra. Hann skal svara öllum beiðnum um aðstoð frá aðildarríki í samræmi við c-lið 2. mgr. 10. gr.,
- b) hann skal taka ákvarðanir um heimsóknirnar og skoðanirnar, sem kveðið er á um í 3. gr., að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina og í samræmi við aðferðafræðina fyrir heimsóknirnar sem stjórnin ákveður í samræmi við g-lið 2. mgr. 10. gr.,
- ba) hann getur tekið þátt í stjórnunarfyrrirkomulagi með öðrum aðilum, sem starfa á sviði Siglingaöryggisstofnunarinnar, að því tilskildu að drög að fyrrirkomulaginu hafi verið lagt fyrir stjórnina til samráðs og að stjórnin hreyfi ekki við andmælum innan fjögurra vikna.“
- b) Í stað d-liðar 2. mgr. komi eftirfarandi:
- „d) hann skal skipuleggja skilvirkt vöktunarkerfi svo unnt sé að bera saman árangur Siglingaöryggisstofnunarinnar við sett markmið og verkefni hennar, eins og mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Í þessu skyni skal hann, í samráði við framkvæmdastjórnina og stjórnina, ákvarða sérsniðna árangursvísibenda, sem gera kleift að meta á skilvirkan hátt þann árangur sem næst. Hann skal tryggja að stjórnskipulag Siglingaöryggisstofnunarinnar sé reglulega aðlagð að þróun þarfar á sviði fjármagns og mannauðs sem stendur til boða. Á grundvelli þessa skal framkvæmdastjórinn semja ár hvert drög að almennri skýrslu og leggja fyrir stjórnina til skoðunar. Í skýrslunni skal vera hluti um fjárhagslega framkvæmd hinnar nákvæmu áætlunar Siglingaöryggisstofnunarinnar um viðbúnað og viðbrögð við mengun og gera skal grein fyrir stöðunni á öllum sviðum starfseminnar sem fjármögnuð eru samkvæmt þeirri áætlun. Hann skal koma á fót reglulegu matsferli sem uppfyllir viðurkennda fagstaðla.“
- c) Í 2. mgr. falli g-liður brott.
- d) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Framkvæmdastjórinn skal, eins og við á, gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um framkvæmd verkefna sinna.

Einkum skal hann leggja fram upplýsingar um núverandi árangur með hliðsjón af undirbúningi áætlunarinnar til margra ára og árlegu starfsáætlunarinnar.“

- 8) Í stað 16. gr. komi eftirfarandi:

„16. gr.

Skipun og brottvikning framkvæmdastjóra og deildarstjóra

1. Stjórnin tekur ákvörðun um skipun og brottvikningu framkvæmdastjóra. Skipunin skal vera til fimm ára á grundvelli verðleika og skjalfestrar stjórnsýslu- og stjórnunarhæfni auk skjalfestrar reynslu á sviðunum, sem um getur í 1. gr., að fengnu álitu áheyrnarfulltrúans eins og um getur í 10. gr. Framkvæmdastjóri skal skipaður á grundvelli skrár yfir a.m.k. þrjú umsækjendur, sem framkvæmdastjórinn gerir tillögu að í kjölfar opinna samkeppni sem fer fram eftir að auglýst hefur verið í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eftir áhugasömum einstaklingum og annars staðar. Þjóða má umsækjandanum, sem stjórnin velur, að gefa yfirlýsingu frammi fyrir þar til bærrí nefnd Evrópuþingsins og svara spurningum þeirra sem þar eiga sæti. Stjórnin skal fjalla um brottvikningu að beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða þriðjungs stjórnarmanna. Stjórnin skal taka ákvörðun um skipun eða brottvikningu með fjórum fimmtu hlutum allra atkvæðisbærra stjórnarmanna.

2. Stjórnin getur, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að teknu tilliti til matskýrslu, framlengt skipunartíma framkvæmdastjóra einu sinni, en þó ekki lengur en í fjögur ár. Stjórnin skal taka ákvörðun með fjórum fimmtu hlutum allra atkvæðisbærra stjórnarmanna. Stjórnin skal tilkynna Evrópuþinginu um allar fyrirætlunir um að framlengja skipunartíma framkvæmdastjóra. Innan eins mánaðar áður en skipunartíminn er framlengdur, er heimilt að bjóða framkvæmdastjóra að gefa yfirlýsingu frammi fyrir þar til bærrí nefnd Evrópuþingsins og svara spurningum þingmanna. Ef skipunartími er ekki framlengdur skal framkvæmdastjóri sitja í embætti þar til arftaki hans hefur verið skipaður.

3. Framkvæmdastjórinn getur notið aðstoðar eins eða fleiri deildarstjóra. Einn af deildarstjórunum skal koma í stað framkvæmdastjóra í fjarveru hans eða forföllum.

4. Deildarstjórar skulu skipaðir á grundvelli verðleika sinna og skjalfestrar stjórnsýslu- og stjórnunarhæfni auk hæfni og -reynslu á þeim sviðum sem um getur í 1. gr. Framkvæmdastjóri skipar eða vikur deildarstjórum úr starfi, að fengnu jákvæðu álitu stjórnarinnar á viðkomandi skipun eða brottvikningu.“

- 9) Ákvæðum 18. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað c-liðar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„c) innheimtum þóknunum og gjöldum fyrir útgefð efni, þjálfun og/eða hverja þá þjónustu aðra sem Siglingaöryggisstofnunin veitir.“

b) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Framkvæmdastjórinn skal gera drög að áætlun um tekjur og gjöld fyrir komandi ár á grundvelli fjárhagsáætlunar sem byggist á starfsemi og leggja hana fyrir stjórnina ásamt drögum að yfirliti um stöðugildi.“

c) Í stað 7. og 8. mgr. komi eftirfarandi:

„7. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu („fjárveitingavaldinu“) fjárhagsáætlunina ásamt drögum að fjárlagafrumvarpi Evrópusambandsins.

8. Á grundvelli fjárhagsáætlunarinnar skal framkvæmdastjórnin fella inn í drög að fjárlögum Evrópusambandsins þá þætti fjárhagsáætlunarinnar, sem hún telur nauðsynlega með hliðsjón af yfirliti um stöðugildi og þann styrk sem veita skal af fjárlögum, og leggja þau fyrir fjárveitingavaldið í samræmi við 314. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins ásamt lýsingu og rökstuðningi á hvers konar mismuni á milli fjárhagsáætlunar Siglingaöryggisstofnunarinnar og þess styrks sem veita skal af fjárlögum.“

d) Í stað 10. mgr. komi eftirfarandi:

„10. Stjórnin skal samþykkja fjárhagsáætlunina. Hún verður endanleg í framhaldi af lokasamþykkt fjárlaga Evrópusambandsins. Eftir því sem við á, skal fjárhagsáætlunin aðlöguð til samræmis við fjárlögin og árlegu starfsáætlunina.“

10) Í stað 22. gr. komi eftirfarandi:

„22. gr.

Mat

1. Með reglulegu millibili og a.m.k. á fimm ára fresti skal stjórnin láta utanaðkomandi aðila meta framkvæmd þessarar reglugerðar. Framkvæmdastjórnin skal láta

Siglingaöryggisstofnuninni í té hvers konar upplýsingar sem sú síðarnefnda telur að skipti máli í tengslum við matið

2. Í matinu skal gera úttekt á áhrifum þessarar reglugerðar sem og gagnsemi hennar, mikilvægi, þeim virðisauka sem hefur náðst ásamt skilvirkni Siglingaöryggisstofnunarinnar og vinnuaðferðum hennar. Við matið skal hafa hliðsjón af sjónarmiðum hagsmunaaðila, bæði á evrópskum vettvangi og á landsvísi. Einkum skal fjalla um mögulega þörf á breytingum á verkefnum Siglingaöryggisstofnunarinnar. Stjórnin skal gefa út sérstakt skipunarbréf með samþykki framkvæmdastjórnarinnar að höfðu samráði við aðilana sem í hlut eiga.

3. Stjórnin tekur við niðurstöðum matsins og beinir tilmælum um breytingar á þessari reglugerð, Siglingaöryggisstofnuninni og vinnuaðferðum hennar til framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórnin skal senda bæði niðurstöður matsins og tilmælin til Evrópuþingsins og ráðsins og þau skulu einnig birt opinberlega. Þessu getur fylgt tímasett aðgerðaáætlun, ef við á.“

11) Eftirfarandi grein bætist við:

„22. gr. a

Framvinduskýrsla

Eigi síðar en 2. mars 2018, með hliðsjón af matsskýrslunni, sem um getur í 22. gr., skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um hvernig Siglingaöryggisstofnunin hefur framkvæmt viðbótar-skyldur sínar, sem henni eru úthlutaðar í þessari reglugerð, í því skyni að greina betur aukna skilvirkni sem hefur náðst og, ef nauðsyn krefur, hvort breyta þurfi markmiðum og verkefnum Siglingaöryggisstofnunarinnar.“

12) Ákvæði 23. gr. falli brott.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 15. janúar 2013.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

M. SCHULZ

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

L. CREIGHTON

forseti.